

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, nr. 511/2013.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Reglugerð þessi gildir um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða og veitingu starfsleyfa skv. 2. gr.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- Á eftir orðunum „öðrum EES-ríkjum“ í 2. mgr. kemur: og Sviss
4. mgr. orðast svo: Um umsóknir umsækjenda um starfsleyfi sem sjúkraliði, skv. 2. gr., frá ríkjum utan EES og Sviss sem Ísland hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun fer samkvæmt reglugerð nr. 483/2023 um meðferð umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi skv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 frá umsækjendum frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.
- 5.-8. mgr. falla brott.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Starfssvið sjúkraliða grundvallast á þeirri menntun og þjálfun sem sjúkraliði hefur öðlast í formlegu námi við viðurkennda menntastofnun og er skilyrði fyrir starfsleyfi skv. 3. gr. Starfssvið sjúkraliða felst í hjúkrunar- og umönnunarstörfum.
- Á eftir orðunum „mat á faglegri færni“ í 4. mgr. 5. gr. kemur: og ábyrgð
- Á undan 5. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:  
Sérhæfður sjúkraliði hefur lokið a.m.k. 60 ECTS eininga formlegu fagdiplómanámi á kjörsviði hjúkrunar í viðurkenndum háskóla.  
Starfssvið sérhæfðs sjúkraliða, skal byggjast á viðbótarmenntun og þjálfun. Verkefni á starfssviði sérhæfðs sjúkraliða geta verið að gefa tilgreind lyf sem búið er að taka til, þ.m.t. undir húð og í vöðva, blóðtaka, uppsetning þvagleggja og æðaleggja og fleira.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Faglegar kröfur, starfssvið og ábyrgð.*

#### 4. gr.

##### Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 4. júlí 2024.*

**Willum Þór Þórsson.**

*Ásta Valdimarsdóttir.*